

Eystrahorn

25. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 5. júlí 2018

www.eystrahorn.is

Humarhátíð 2018

Venju samkvæmt var Humarhátíð haldin á Höfn í Hornafirði síðustu helgi júnimánaðar. Í ár var hátíðarsvæði myndað á grænum bletti á íþróttasvæði bæjarins, við ærslabelginn.

Stórt og mikið tjald var reist, sölubásar og svið fært á svæðið og hoppukastalar blásnir upp auk þess sem söluaðilar og matarvagnar voru boðnir velkomnir. Úr varð þétt og gott hátíðarsvæði sem margir sóttu heim enda mikið í boði og fjölbreytt dagskrá.

Úrvalslíð hornfirskra listarmanna og sjálfboðaliða auk fjölda fyrirtækja og félagasamtaka lagði sitt af mörkum í dagskránni og skemmti gestum hátíðarinnar með ýmsum hætti. Framlag íbúa í hátíð sem þessa er ómetanlegt enda er bæjarhátíðin haldin af Hornfirðingum fyrir Hornfirðinga og því er í okkar höndum, sem samfélag, að gera hátíðina eins flotta og skemmtilega og við viljum hafa hana.

Humarhátíðarnefnd 2018 tók við keffinu af Ungmennafélagi Sindra fyrir um tveimur mánuðum síðan. Áskorunin var stór enda mikil vinna sem liggur að baki skipulagningu hátíðar sem þessarar auk þess sem öll tilheyrandi verkefni voru unnin í sjálfboðastarfi í eigin tíma og hefur því lítið annað komist að undanfarnar vikur hjá nefndarmönnum.

Uppskeyra erfiðisins var vel þess virði og er Humarhátíðarnefnd 2018 himinlifandi með hvernig til tókst. Hátíðin vakti mikla lukku og gaman hefur verið að heyra jákvætt viðhorf íbúa til hennar.

Nefndin lagði metnað í að hafa samband við alla tónlistarmenn, félagasamtök og fyrirtæki á svæðinu og bjóða Hornfirðingum til þátttöku á hátíðinni og erum við ánægð að allir komust að sem vildu og fleiri voru til en búnir að lofa sér í annað enda fyrirvarinn stuttur.

Hátíð sem þessa er ekki hægt að halda án hjálpar frá styrktaraðilum og sjálfboðaliðum og vill nefndin nota tækifærið og þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg fyrir sitt framlag. Margt smátt gerir eitt stórt og það sannaðist



Metþátttaka var í Kassabílarally Landsbankans þetta árið

um helgina hversu megnug við erum þegar við leggjumst öll á eitt. Humarhátíðarnefnd 2018 hefur fulla trú á að næsta ár gangi enn betur og skorum við á íbúa að taka frá helgina 28.-30. júní 2019 og hugsa "hvað get ég lagt af mörkum fyrir mitt samfélag/ mína bæjarhátíð?"

Humarhátíðarnefnd 2018 þakkar kærlega fyrir sig, nefndin mun ljúka störfum með skilum á skýrslu um gengi undirbúningsins auk hugmynda um hvernig má gera betur að ári.

Að lokum vill nefndin nota tækifærið og minna á ljósmyndakeppni Humarhátíðar 2018, ef þú átt skemmtilega mynd frá helginni sendu hana til okkar á humarhatidarnefnd@gmail.com, flottasta myndin verður valin 20. júlí og hlýtur vinningshafinn nafnbótina

Ljósmyndari hátíðarinnar og fær að gjöf humaröskju.

Takk fyrir helgina Hornfirðingar!
Humarhátíðarnefnd 2018



Humarhátíðarnefndin



Hornfirskir tónlistarmenn héldu uppi fjörinu í Heimatjaldinu



Leikhópurinn Lotta skemmti börnunum

Laus er staða hjúkrunarstjóra Skjólgarði hjúkrunar- og dvalarheimili

Skjólgarður er hjúkrunar- og dvalarheimili og er hluti af Heilbrigðisstofnun Suðurlands Hornafirði og rekið samkvæmt þjónustusamningi af Sveitarfélaginu Hornafirði. Á heimilinu búa 24 íbúar ásamt því að þar eru rekin 4 sjúkrarými. Sex íbúar búa á dvalarheimilinu sem er rekið í sér einingu í litlu húsnæði. Undirbúningur er hafinn á viðbyggingu sem mun rýma 30 íbúa í heildina. Það eru því spennandi tímar framundan.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Ber ábyrgð á hjúkrun, ráðgjöf og þjónustu á hjúkrunar- og dvalardeild
- Ber fjárhagslega ábyrgð á að rekstur sé í samræmi við rekstraráætlanir
- Ber ábyrgð á starfsmannahaldi í samráði við yfirmann og starfsmannastefnu

Hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðingur með reynslu af stjórnunarstörfum
- Ríkir skipulagshæfileikar, samskiptafærni, sjálfstæði og frumkvæði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða klínískrar hjúkrunar æskileg.

Laun samkvæmt kjarasamningum hjúkrunarfræðifélags Íslands og Launanevnd sveitarfélaga. Upplýsingar um starfið veitir Matthildur Ásmundardóttir, framkvæmdastjóri, sími 470-8616, matthildur@hornafjordur.is.

Umsóknarfrestur er til 22. júlí 2018.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Til sölu !!!

Til sölu einbýlishúsið Smárabraut 14, Höfn.
Flatarmál hússins er 143,5 m² og bílskúrsins 41,0 m²
Húsið hefur fengið gott viðhald.
Ásett verð: 38,5 milljónir.
Áhugasamir hafi samband við Rannveigu í s. 6991424
eða í tölvupósti á ranne@simnet.is



Andlát

Mín ástkæra eiginkona

**Marivic Victoria Ramos Paraiso
Hagatúni 20**

lést á Landspítalanum við Hringbraut
sunnudaginn 1. júlí 2018.

**Marivic verður jarðsungen frá Hafnarkirkju
laugardaginn 7. júlí kl. 14:00**

Björn Jónsson

**Peir sem vilja minnst Victoriu vinsamlegast látið
Minningsrjóð Slysavarnardeildanna njóta þess.**

**Hægt er að hafa samband við: Ingu Kristínu
S: 894-1347, Elínborgu Ólafsd. S: 895-3830 og
Guðbjörgu Sigurðard. S: 692-2936.**



Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Láttu sjá þig á pallinum í sumar



Alhliða veitinga- og pizzastaður

Verðum með opið frá kl.16-24 í sumar. Eldhúsið opið til kl.23

Happy hour stemning með bar-matseðli milli kl.16-18

Pizzapantanir í síma 478-2200. Heimsending frá kl.18-21.

ÓSINN
RESTAURANT-PIZZERIA

Hótel Höfn

Víkurbraut 20
780 Höfn í Hornafirði
S: 478 1240

Eystrahorn

Fiskhól 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Verkalýðsfélagið Jökull

Forveri Verkalýðsfélagsins Jökuls var Atvinnufélag Hafnarverkalýðs sem stofnað var 2. janúar 1929 af 11 verkamönnum á Höfn.

Aðallhvatamaður stofnunar þess var Jens Figved, verslunarmaður frá Eskifirði. Fyrsti formaður félagsins var Benedikt Steinsen. Félagið beitti sér fyrir ýmsum réttindamálum verkamanna en konur fengu ekki inngöngu. Á fyrstu tveimur starfsárunum gengu að minnsta kosti 23 menn í félagið en 82 einstaklingar á starfstímanum öllum.

Aðalvinnuveitandi félagsins var Kaupfélag Austur-Skaftafellinga. Það setti því verulegan svip á starfsemi félagsins að Jón Ívarsson kaupfélagsstjóri gekk í félagið árið 1932. Vera hans í félaginu og áhrif á réttindabaráttu verkamanna leiddi loks til þess áratug síðar að Atvinnufélag Hafnarverkalýðs var lagt niður á miklum átakafundi þann 3. janúar 1942. Sama kvöld var stofnað nýtt félag verkamanna á Höfn, Verkalýðsfélagið Jökull.

Helsti forystumaður að stofnun Verkalýðsfélagsins Jökuls og fyrsti formaður þess var Benedikt Þorsteinsson. Hann gegndi formannsstarfinu í rúman aldarfjórðung eða frá 1942 til 1968. Benedikt var einnig helsti forsprakki

þess að leggja niður gamla félagið og koma þannig í veg fyrir áframhaldandi tók kaupfélagsstjórans á verkamönnum. Aðrir í fyrstu stjórn félagsins voru Aðalsteinn Aðalsteinsson og Óskar Guðnason. Stofnendur voru 39.

Félagið var áberandi í fjölmiðlum út af deilum sem spruttu upp um verðlag á kolum á Hornafirði árið 1943. Umræðan barst inn á Alþingi og blandaðist Jónas Jónsson frá Hriflu, meðal annarra, inn í þær deilur.

Félagið beitti sér strax í upphafi fyrir nýjum samningum um Bretavinnu og fleira. Félagið eflaðist smám saman og varð tryggur bakhjarl í réttindabaráttu verkafólks. Það beitti sér einnig snemma fyrir ýmsum framförum og átti frumkvæði að atvinnuuppbyggingu á Hornafirði.

Fyrstu konurnar fengu inngöngu í félagið árið 1951. Þær tóku smám saman virkan þátt í félagsstarfinu og árið 1977 var fyrsta konan kjörin í stjórn félagsins. Árið 1992 gekk Verslunarmannafélag Austur-Skaftafellsýslu inn í Jökull.

Félagið kom sér upp orlofshúsum, íbúðum í Reykjavík og félagsaðstöðu auk þess að standa fyrir ýmis konar hagsmunu- og félagsstarfi. Félagið studdi



einnig dyggilega við ýmis konar menningarstarf í héraðinu. Verkalýðsfélagið Jökull lét skrásetja sögu verkalýðshreyfingar í Austur-Skaftafellssýslu og gaf út bækurnar *Þó hver einn megni smátt*, árið 1994 og *Kolalausir kommúnistar á Hornafirði*, árið 1999. Bækurnar eru eftir Gísla Sverri Árnason.

Formenn Verkalýðsfélagsins Jökuls voru: *Benedikt Þorsteinsson 1942-1969, Grétar Sigurðsson 1969-1973, Þorsteinn L. Þorsteinsson 1973-1980, Sigurður Örn Hannesson 1980-1985, Björn Grétar Sveinsson 1985-1993 og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir 1993-1999.*

Hönnun merkis Verkalýðsfélagsins Jökuls á Höfn Hornafirði


Árið 1976 fór þáverandi formaður Verkalýðsfélagsins Jökuls, Þorsteinn L. Þorsteinsson fram á það við mig Einar D. G. Gunnlaugsson að ég gerði hönnunartillögu að merki fyrir félagið.

Ég lagði fram hönnun mína að merki sem samþykkt var í stjórn félagsins.

Táknin í merkinu er 2 jöklar og jökullón.

Merkið var lagt af þegar Vökull Stéttarfélag varð til þann 31. október 1999 þegar Verkalýðs- og sjómannafélag Stöðvarfjarðar, Verkalýðs- og sjómannafélag Breiðdælinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Djúpavogs og Verkalýðsfélagið Jökull á Hornafirði voru sameinuð.

Einar D. G. Gunnlaugsson



Einar ásamt Þóru konu sinni. Þau bjuggu á Höfn á árunum 1974-1983 og störfuðu lengst af hjá KASK. Hjónin fluttu til Reykjavíkur vegna alvarlegs slyss sem Einar lenti í við uppbyggingu nýrrar síldarsóltunarstöðvar við bræðsluna árið 1983.



Bifreiðaskoðun á Höfn

16., 17. og 18. júlí.

Tímamantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 13. júlí.

Næsta skoðun 20., 21. og 22. ágúst.

Frumherji
þegar vel er skoðað

Fiskbúð Gunnhildar

Fiskbúð Gunnhildar er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 14:00 til 18:00.

Þökkum góðar móttökur.

S: 865-3302 og 478-1169

Netfang: fiskbud.gunnhildar@simnet.is





What impact will you make?

deloitte.is

Vilt þú hafa áhrif?

Deloitte leitar að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til að bættast í hóp reynslumikilla sérfræðinga á skrifstofu okkar á Höfn í Hornafirði.

Viðskiptafræðingur – Höfn í Hornafirði

Viðkomandi mun meðal annars vinna við krefjandi og áhugaverð verkefni á sviði reikningshalds og endurskoðunar, gerð ársreikninga og skattframtala.

Hæfniskröfur eru

- B.Sc í viðskiptafræði af reikningshaldssviði eða öðrum tengdum greinum
- Mastersnám í reikningshaldi og endurskoðun kostur
- Reynsla af vinnu við bókhald og ársreikningagerð æskileg en ekki skilyrði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, jákvæðni og rík þjónustulund

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte; www.deloitte.is. Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2018. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Frekari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir, mannauðsstjóri, harpa@deloitte.is.

Deloitte er stærsta ráðgjafafyrirtæki í heimi með um 260 þúsund starfsmenn í yfir 150 löndum. Á Íslandi starfa um 270 sérfræðingar við ráðgjöf og endurskoðun.